

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

19. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2024, föstudaginn 9. febrúar kl. 8:30, var haldinn 19. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti, Aníta Björk Pálínudóttir, Eiríkur Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen og Anne Berit Vikse.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

- Skýrsla sveitarstjóra fyrir 19. fund sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
- Mötuneytismál og málefni verslunar í Grundarstræti
Mæting á fundinn frá Súðavíkurskóla og rekstraraðilum mötuneytis.
Sveitarstjórn ásamt rekstraraðilum og skólastjóra eru sammála um að efla samskipti um fyrirkomulag reksturs mötuneytis og skólamáltíðir.
- Opnun íþróttahússins
Sveitarstjórn leggur á það áherslu að íþróttahús verði opnað meir en verið hefur og óskar eftir samstarfssamningi við Ungmennafélagið Geisla um aðkomu og utanumhald um iðkun utan skólatíma.
- Súðavíkurskóli – ráðningarsamningur skólastjóra
Kennara vantar og það þarf að semja við skólastjóra tímabundið vegna kennslu sem hefur bæst við vinnu skólastjóra. Sveitarstjóra falið að leita samninga við skólastjóra.
- Fundargerð 38. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 7.2.2024
Fundargerð samþykkt og staðfest.
- Fundargerð 10. fundar fræðslu-, tómstunda-, menningar- og kynningarnefndar 1.2.2024
Fundargerð samþykkt og staðfest.
- Erindi frá Vestra – beiðni um stuðningssamning tp. dags. 9.1.2024
*Sveitarstjórn leggur til, með vísan í erindið, að veita styrktarsamning við Vestra, félagið í heild, og felur sveitarstjóra að gera samning við félagið. Styrktarfjárhæð kr. 500.000.-
Sveitarstjórn leggur til að þau börn í Súðavík, sem vilja stunda íþróttir eða skipulagðar æfingar í nágrennabyggðarlögum, fái styrk fyrir félagsgjöldum og ferðakostnaði, og verði þannig hluti af frístundastyrk.*

8. Fiskeldissjóður

Súðavíkurhreppur leggur til að sótt verði um með öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum í Fiskeldissjóð fyrir uppbyggingu verknámshúss við Mí ásamt þeim verkefnum sem sveitarfélagið vill fara í.

9. Húsnæðisáætlun Súðavíkurhrepps

Húsnæðisáætlun fyrir Súðavíkurhrepps lögð fram til kynningar og staðfest.

10. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur fram eftirfarandi ályktun:

Vegna ítrekaðra aðstæðna á Súðavíkurhlíð, þar sem láglendisvegur milli Súðavíkur og Ísafjarðar lokast oft og tíðum vetur hvern vegna snjóflóða og snjóflóðahættu, skorar sveitarstjórn Súðavíkurhrepps á Alþingi og Innviðaráðuneyti ásamt sveitarfélög á Vestfjörðum að sammælast um að ráðist verði í gerð jarðganga milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar án tafar. Mikilvægt er að hraða því ferli áður en af hlýst alvarlegt slys eins og ítrekað hefur stefnt í þegar snjóflóð hafa fallið yfir veg án fyrirvara, í yfirlýstu óvissuástandi eða hættuástandi. Sveitarstjórn áréttar að með öllu er óásættanlegt að sú kvöð liggi á 240 manna sveitarfélagi að halda úti þeirri baráttu að gera umferð um Ísafjarðardjúp, þjóðleið landflutninga að og frá Vestfjörðum, hættuminni og greiðari og kallar eftir því að önnur sveitarfélög á Vestfjörðum standi að þeirri vegferð.

Sveitarstjórn tekur undir það sem fram kom í ræðu 4. þingmanns Norð-vestur kjördæmis á Alþingi þann 6. febrúar síðastliðinn, Bjarna Jónssonar formanns umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis svo og þess sem fram kom í ræðu 7. þingmanns norðvestur kjördæmis, Höllu Signýjar Krisjánsdóttur, sem varðar umferð um Súðavíkurhlíð í ræðu dags 31. janúar á Alþingi.

Sveitarstjórn vill vekja á því athygli að tíðni lokana á Súðavíkurhlíð hefur ekki ein og sér áhrif á ferðir um þennan veg, enda varir óvissuástand eða yfirlýst hættu á snjóflóðum meira og minna frá byrjun desember fram til loka mars ár hvert og jafnvel lengur. Það, ásamt grjóthruni allan ársins hring hefur áhrif á búsetu í sveitarfélögum við Djúp, þjónustusókn og lífsgæði þeirra sem búa á svæðinu. Samlegð þessara þátta hefur í för með sér að um er að ræða einu hættulegustu akstursleið í vegakerfi landsins sem þarfnast úrbóta strax og því verður við komið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:10

Bragi Þór Thoroddsen

Anne Berit Vikse

Aníta Björk Pálínudóttir

Eiríkur Valgeir Scott

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti